

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Jaðar 1, landnr. 166785, frístundahúsalóð.

Deiliskipulag þetta er fyrir 3,2 ha lóð í landi Jaðars þar sem reisa má allt að 70 m² frístundahús ásamt allt að 25 m² gestahúsi og 10 m² geymslu. Þakhalli skal vera á bilinu 30-40°.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. júlí 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. febrúar 2018.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2018